

Mál nr. 435/2013
M og
V vegna ábyrgðartryggingar E.

Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda vegna vinnu slyss 24. apríl 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. desember 2013.
2. Bréf V dags. 10. janúar 2014.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi slasast þar sem hann var að setja einangrun í millivegg upp við loft. Í tjónstilkynningu til Vinnueftirlitsins kemur fram að M hafi verið staðsettur uppi á vinnupalli með undirstöðu úr tveimur járnþúkkum átti að þola um 200 kg. Þegar M steig út á horn vinnupallsins virðist annar þúkkinn hafa gefið sig þannig að M fékk horn á bükkanum á hægra læri og skall síðan á gólfi. Í matsgerð vegna slyssins dags. 29. október 2013 kemur fram að M varanleg læknisfræðileg örorka vegna slyssins var metin 5% vegna sköddunar á mjúkvefjum læris.

M telur að E beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyssins þar sem fyrirtækið hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. lögum nr. 46/1980 eða II. viðauka við reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja þegar starfsmenn eru tímabundið í fallhættu. Einnig vísar M til reglna Vinnueftirlitsins, leiðbeininga um vinnuvernd nr. 1/1991 um lausa stiga, tröpur og bükka og telur að þeim hafi ekki verið nægilega vel fylgt. M vísar til þess að hann sjálfur hafi ekki sinnt verkstjórnarskyldum heldur hafi yfirmaður hans átt að gera það en ekki annað fyrirtæki eins og V hefur haldið fram.

V vísar til þess að M hafi átt að vinna við raflagnir fyrir E í greint sinn. Þegar slysið varð hafi hann hins vegar verið að sinna öðrum verkefnum sem ekki hafi verið á forræði E og vinnuáðstæður vegna þess hafi verið á ábyrgð annars fyrirtækis sem hafi sett upp vinnupallinn, eða vinnudekkið eins og V telur réttara að vísa til. Því geti E ekki borið skaðabótaábyrgð vegna uppsetningar vinnudekksins því það tengdist ekki því verkefni sem M var sendur til að leysa á vegum E heldur aðstoð hans við annað fyrirtæki. Verkstjóri hjá E eða aðrir starfsmenn hafi ekki beðið M um að vinna það verkefni og geti það því ekki verið á ábyrgð E.

Álit.

Atvik málsins sem varða fall M eru nokkuð óumdeild, þ.e. hann slasaðist þegar hluti vinnupalls/vinnudekks gaf sig undan honum. Ágreiningur er hins vegar um hvort E geti borið skaðabótaábyrgð vegna aðstæðna á vettvangi sem leiddu til fallsins. Þegar gögn málsins eru metin verður ekki séð með óyggjandi hætti hvort M hafi átt að vinna það verk sem hann var að vinna á vegum E og þar af leiðandi að starfsmenn E, aðrir en M sjálfur, hafi átt að tryggja öryggi M þegar hann slasaðist telst þegar af þeirri ástæðu ekki sannað að aðstæður hafi verið með þeim hætti að E hafi borið að haga verkstjórn eða aðstæðum með öðrum hætti en gert var gagnvart M. Hallann af þeim sönnunarskorti ber M skv. almennum sönnunarreglum og á því ekki rétt á skaðabótum frá E.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu E hjá V.

Reykjavík 4. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.